

Isavia ohf.

Samandreginn
árshlutareikningur samstæðu

1.1 - 30.6 2023

Isavia ohf.
Flugstöð Leifs Eiríkssonar
235 Keflavíkurlflugvöllur
kt. 550210-0370

Isavia ohf.

Samandreginn
árshlutareikningur samstæðu

1.1 - 30.6 2023

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	2-3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um eigið fé	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9-15

Skýrsla stjórnar

Isavia ohf. er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og er heimili félagsins í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurlflugvelli en varnarþing félagsins er í Hafnarfirði.

Tilgangur Isavia samstæðunnar er þjónustustarfsemi tengd flugi og rekstur og uppbygging flugvalla landsins. Samstæðuárshlutareikningur Isavia ohf. tekur, auk móðurfélagsins, til dótturfélaganna Isavia ANS ehf., Isavia Innanlandsflugvellir ehf. og Fríhöfnin ehf. Isavia ANS ehf. á svo dótturfélögin Tern Systems ehf. og Suluk ApS en svo á Tern Systems ehf. dótturfélagið Tern Branch Hungary.

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, um árshlutareikninga. Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna, nema annað sé tekið fram.

Rekstur tímabilsins janúar til júní 2023

Samkvæmt rekstrarreikningi Isavia ohf. námu rekstrartekjur tímabilsins 20.085 milljónum króna (1.1-30.6 2022: 15.813 milljónir króna). Tap tímabilsins nam 221 milljón króna (1.1-30.6 2022: hagnaður nam 501 milljón króna). Jákvæður gengismunur nam 742 milljónum króna (1.1-30.6 2022: jákvæður um 2.154 milljónir króna). Laun og annar starfsmannakostnaður nam á tímabilinu 11.313 milljónum króna (1.1 - 30.6 2022: 9.639 milljónir króna). Meðalfjöldi stöðugilda á tímabilinu var 1.319 (1.1 - 30.6 2022: 1.146).

Þann 30. júní 2023 námu heildareignir félagsins 102.387 milljónum króna (31.12.2022: 94.278 milljónir króna). Eigið fé 30. júní 2023 nam 41.741 milljón króna (31.12.2022: 41.962 milljónir króna) og eiginfjárlutfall félagsins var 40,77% þann 30. júní 2023 (31.12.2022: 44,51%).

Vakin er athygli á niðurfærslu viðskiptakrafna sem inniheldur niðurfærslu vegna falls Wow air frá árinu 2019. Vísað er í skýringu 11 í samstæðuárshlutareikningnum vegna stöðu málaferla tengdum þeirri niðurfærslu.

Farþegum sem fóru um Keflavíkurlflugvöll fjölgaði um rúmlega 46% á tímabilinu janúar til júní 2023 samanborið við sama tímabil á árinu 2022 og var það í samræmi við áætlanir félagsins. Fjöldi farþega sem fóru um Keflavíkurlflugvöll var um 3,4 milljónir á tímabilinu janúar til júní 2023 samanborið við 2,3 milljónir farþega fyrir sama tímabil á árinu 2022. Opinberum sóttvarnaðgerðum vegna covid faraldurs gætti enn á fyrsta ársfjórðungi 2022 sem hefur töluverð áhrif á samanburð á milli tímabila.

Félagið tók lán hjá Nordic Investment Bank á tímabilinu sem nam 50 milljón evrum, til stuðnings við uppbyggingu á Keflavíkurlflugvelli en vaxtakjör á fjármagnsmörkuðum hafa hækkað verulega og nam aukning á fjármagnsjöfnuði milli tímabila 302 milljónum króna.

Hlutafé og hluthafi

Hlutafé þann 30. júní 2023 nam 24.559 milljónum króna (31.12.2022: 24.559 milljónir króna). Ríkissjóður er eini hluthafinn í félaginu þann 30. júní 2023 eins og í árslok 2022.

Framtíðarhorfur

Framtíðarhorfur félagsins eru stöðugar og gerir farþegaspá félagsins 2023 ráð fyrir að farþegar ársins verði fleiri en árið 2019 og hefur Keflavíkurlflugvöllur náð fullri endurheimt í kjölfar covid heimsfaraldursins. Áætlanir félagsins gera ráð fyrir áframhaldandi farþegavexti þó hlutfallslegur árlegur vöxtur nái jafnvægi undir 10% á næstu árum. Mikilvægt er að félagið nýti alla möguleika til að auka stærðarhagkvæmni í rekstri til að styðja við þá nauðsynlegu uppbyggingu innviða á Keflavíkurlflugvelli sem fyrirhuguð er á næstu árum.

Félagið vann að sinni fyrstu skuldabréfaútgáfu á fyrri árshelmingi 2023. Ferlinu lauk í ágúst og gaf félagið út óskráð skuldabréf að fjárhæð 175 milljónir evra. Nánari umfjöllun er að finna í skýringu 16.

Skýrsla stjórnar

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Það er álit stjórnar og forstjóra Isavia ohf. að samstæðuárshlutareikningur félagsins sé í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að í samstæðuárshlutareikningi þessum sé að finna gott yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins á tímabilinu janúar til júní 2023 og helstu óvissuþætti í umhverfi félagsins.

Stjórn og forstjóri Isavia ohf. staðfesta hér með samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023 með undirritun sinni.

Hafnarfjörður, 18. september 2023

Í stjórn

Kristján Þór Júlíusson
stjórnarformaður

Hólmfríður Árnadóttir

Hrólfur Ölvísson

Jón Steindór Valdimarsson

Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir

Forstjóri

Sveinbjörn Indriðason

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Isavia ohf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Isavia ohf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, fjárhagsstöðu þess 30. júní 2023 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Ríkisendurskoðun, 18. september 2023

Hinrik Þór Harðarson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur 1.1 - 30.6 2023

	Skýr.	Samstæða	
		1.1 - 30.6 2023	1.1 - 30.6 2022
Rekstrartekjur	4	20.084.631	15.812.785
Kostnaðarverð seldra vara		(3.480.764)	(2.503.827)
Laun og annar starfsmannakostnaður	5	(11.313.090)	(9.639.037)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(365.125)	(269.599)
Annar rekstrarkostnaður		(3.148.857)	(2.432.813)
		<u>(18.307.836)</u>	<u>(14.845.276)</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir		1.776.795	967.509
Afskriftir	7,8,9	(1.946.086)	(1.952.830)
Rekstrartap		<u>(169.291)</u>	<u>(985.321)</u>
Fjármunatekjur	6	325.630	166.100
Fjármagnsgjöld	6	(1.163.103)	(701.312)
Gengismunur	6	742.208	2.153.926
		<u>(264.556)</u>	<u>633.394</u>
(Tap) hagnaður fyrir skatta		43.959	(132.480)
Tekjuskattur		<u>(220.597)</u>	<u>500.914</u>
Heildarafkoma tímabilsins		<u><u>(220.597)</u></u>	<u><u>500.914</u></u>

Efnahagsreikningur 30. júní 2023

Eignir	Skýr.	Samstæða	
		30.6 2023	31.12 2022
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir	7	77.735.793	71.304.316
Óefnislegar eignir	8	3.912.479	4.034.412
Nýtingarréttur	9	252.596	289.041
Eignarhlutar í öðrum félögum		5.000	5.000
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur		1.112.333	1.499.630
Reiknuð skattinneign	14	1.415.236	1.370.781
		<u>84.433.437</u>	<u>78.503.180</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir		921.408	581.817
Viðskiptakröfur	11	4.139.768	3.413.079
Næsta árs hluti skuldabréfaeignar og langtímakrafna		499.960	498.865
Aðrar skammtímakröfur	11	2.372.258	1.785.732
Handbært fé		10.020.378	9.494.864
		<u>17.953.772</u>	<u>15.774.357</u>
Eignir		<u>102.387.209</u>	<u>94.277.537</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutfé	12	24.559.063	24.559.063
Lögbundinn varasjóður		2.483.798	2.483.798
Sérstakur endurmatsreikningur		37.727	38.389
Óráðstafað eigið fé		14.660.884	14.880.906
		<u>41.741.473</u>	<u>41.962.156</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldir við lánastofnanir	13	48.148.395	42.372.010
Leigusamningar	9	149.170	194.284
		<u>48.297.565</u>	<u>42.566.294</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	15	6.389.083	4.705.041
Næsta árs afborganir langtímaskulda	13	2.024.198	1.758.655
Næsta árs afborganir leigusamninga	9	117.407	108.594
Ógreiddir reiknaðir skattar	14	0	749
Aðrar skammtímaskuldir	15	3.817.483	3.176.049
		<u>12.348.171</u>	<u>9.749.087</u>
Skuldir		<u>60.645.736</u>	<u>52.315.381</u>
Eigið fé og skuldir		<u>102.387.209</u>	<u>94.277.537</u>

Yfirlit um eigið fé 1.1 - 30.6 2023

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2022	18.559.063	2.483.798	39.712	15.496.253	36.578.827
Endurmat afskrifað	0	0	(662)	662	0
Þýðingarmunur	0	0	0	(1.546)	(1.546)
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	0	500.914	500.914
Eigið fé 30. júní 2022	18.559.063	2.483.798	39.050	15.996.284	37.078.195
Eigið fé 1. janúar 2023	24.559.063	2.483.798	38.389	14.880.906	41.962.156
Endurmat afskrifað	0	0	(662)	662	0
Þýðingarmunur	0	0	0	(86)	(86)
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	0	(220.597)	(220.597)
Eigið fé 30. júní 2023	24.559.063	2.483.798	37.727	14.660.884	41.741.473

Engin arðgreiðsla var á tímabilinu til hluthafa. Allt hlutfé er innborgað.

Yfirlit um sjóðstreymi 1.1 - 30.6 2023

	Skýr.	Samstæða	
		1.1 - 30.6 2023	1.1 - 30.6 2022
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrartap		(169.291)	(985.321)
Afskriftir	7,8,9	1.946.086	1.952.830
Reikningshaldsleg afskrift skammtímakrafna		13.028	(69.933)
Tap af sölu rekstrarfjármuna		(401)	(376)
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		1.789.422	897.200
Vörubirgðir (hækkun)		(343.614)	(140.835)
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun)		(810.076)	(1.281.854)
Rekstrartengdar skuldir hækkun		2.058.103	2.391.722
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		2.693.836	1.866.232
Innborgaðir vextir		15.737	79.405
Greiddir vextir og gengismunur		(1.047.914)	(884.297)
Handbært fé frá rekstri		1.661.658	1.061.341
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunun og óefnislegum eignum	7,8	(8.196.737)	(6.457.059)
Afborganir skuldabréfaeignar og langtímakrafna		390.657	27.270
Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum		0	(5.000)
Fjárfestingahreyfingar		(7.806.080)	(6.434.788)
Fjármögnunarhreyfingar			
Nýjar langtímaskuldir	13	9.035.000	0
Afborganir langtímaskulda	13	(2.226.567)	(649.194)
Afborganir leigusamninga		(56.861)	(47.611)
Fjármögnunarhreyfingar		6.751.573	(696.805)
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		607.151	(6.070.253)
Handbært fé í upphafi tímabils		9.494.864	14.682.766
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(81.637)	(94.957)
Handbært fé í lok tímabilsins		10.020.378	8.517.556

Skýringar

1. Starfsemi

Isavia ohf. er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og er heimili félagsins á Keflavíkurlflugvelli en varnarþing félagsins í Hafnarfirði.

Isavia og dótturfélög annast rekstur og uppbyggingu allra flugvalla á Íslandi og stýra jafnframt flugumferð í íslenska flugstjórnarsvæðinu.

Samstæðuárshlutareikningurinn nær til Isavia ohf. og dótturfélaga þess. Félög innan samstæðunnar eru auk Isavia ohf., Isavia ANS ehf., Isavia Innanlandsflugvellir ehf., Fríhöfnin ehf., Tern Systems ehf., Tern Ungverjalandi og Suluk ApS á Grænlandi.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Isavia ohf. fyrir tímabilið 1.1 - 30.06 2023 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Samandreginn árshlutareikningur Isavia ohf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2022.

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2022. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram. Hægt er að nálgast ársreikning fyrir árið 2022 hjá fyrirtækinu eða á vef þess; www.isavia.is.

3. Reikningshaldslegt mat

Við gerð árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Reikningshaldslegt mat er helst í mati á líftíma eigna og í niðurfærslu viðskiptakrafna og vörubirgða, sjá skýringar nr. 7, 8 og 11.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:	1.1 - 30.6 2023	1.1 - 30.6 2022
Tekjur Flugleiðsögu.....	3.804.501	3.539.041
Tekjur Innanlandskerfis.....	1.565.369	1.311.402
Tekjur Keflavíkurlflugvallar.....	7.672.455	5.573.055
Tekjur annarra starfsþátta.....	252.128	157.218
Tekjur af vörusölu.....	6.790.178	5.232.068
	<u>20.084.631</u>	<u>15.812.785</u>

5. Laun og annar starfsmannakostnaður

	1.1 - 30.6 2023	1.1 - 30.6 2022
Laun	8.747.194	7.382.867
Launatengd gjöld	2.121.903	1.823.244
Annar launa- og starfsmannakostnaður	443.993	432.926
	<u>11.313.090</u>	<u>9.639.037</u>

Skýringar

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur

	1.1 - 30.6 2023	1.1 - 30.6 2022
Vaxtatekjur af bankareikningum	276.944	138.395
Vaxtatekjur af fjáreignum sem ætlað er að halda til gjalddaga	3.649	4.563
Aðrar vaxtatekjur	45.036	23.143
	<u>325.630</u>	<u>166.100</u>

Fjármagnsgjöld

	1.1 - 30.6 2023	1.1 - 30.6 2022
Vaxtagjöld og verðbætur	(1.091.595)	(611.965)
Önnur vaxtagjöld	(71.508)	(89.347)
	<u>(1.163.103)</u>	<u>(701.312)</u>

Gengismunur

	1.1 - 30.6 2023	1.1 - 30.6 2022
Gengismunur	742.208	2.153.926

7. Rekstrarfjármunir

	Fasteignir og listaverk	Flughlöð og bílastæði	Stjórnkerfi og aðflugsbúnaður	Aðrar eignir	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða í upphafi tímabils	47.624.670	26.334.572	3.313.311	18.797.952	96.070.505
Eignfært á tímabilinu	4.815.546	1.295.570	25.098	2.020.489	8.156.702
Aflagt á tímabilinu	0	0	(4.792)	(76.067)	(80.859)
Selt á tímabilinu	0	0	0	(11.117)	(11.117)
Staða í lok tímabils	<u>52.440.216</u>	<u>27.630.142</u>	<u>3.333.617</u>	<u>20.731.256</u>	<u>104.135.230</u>
Afskriftir					
Staða í upphafi tímabils	10.655.791	4.854.576	2.048.768	7.207.054	24.766.188
Afskriftir tímabilsins	550.287	447.611	132.906	590.644	1.721.448
Aflagt á tímabilinu	0	0	(4.792)	(76.067)	(80.859)
Selt á tímabilinu	0	0	0	(7.339)	(7.339)
Staða í lok tímabils	<u>11.206.078</u>	<u>5.302.187</u>	<u>2.176.882</u>	<u>7.714.291</u>	<u>26.399.439</u>
Bókfært verð					
Bókfært verð í upphafi tímabils	36.968.879	21.479.996	1.264.543	11.590.898	71.304.316
Bókfært verð í lok tímabils	<u>41.234.137</u>	<u>22.327.955</u>	<u>1.156.734</u>	<u>13.016.965</u>	<u>77.735.792</u>
Áætlaður nýtingartími	0-100 ár	5-50 ár	3-20 ár	3-70 ár	

Á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2023 var eignfært vegna framkvæmda og annarra fjárfestinga samstæðunnar fyrir um 8.157 milljónir króna. Þar af námu framkvæmdir á Keflavíkurlugvelli um 7.795 milljónir króna. Framundan eru áframhaldandi framkvæmdir hjá Isavia ohf. vegna stækkunar flugstöðvar og breytinga á rýmum auk áframhaldandi framkvæmda á flugvallarsvæðinu. Þann 30. júní 2023 voru til staðar skuldbindingar utan efnahags að fjárhæð um 11.156 milljónir króna hjá Isavia ohf. sem eru tilkomnar vegna samninga sem tilheyra þeim framkvæmdum sem framundan eru á Keflavíkurlugvelli til ársloka 2024.

Skýringar

8. Óefnislegar eignir

	Afnotasamn. um mannvirki	Afnotasamn. um flugbrautir	Hugbúnaður og þróunarkostnaður	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða í upphafi tímabils	477.035	5.706.000	1.265.589	7.448.624
Aflagt	0	0	(62.504)	(62.504)
Eignfært á tímabilinu	0	0	44.231	44.231
Staða í lok tímabils	477.035	5.706.000	1.247.315	7.430.350
Afskriftir				
Staða í upphafi tímabils	222.651	2.663.211	528.350	3.414.212
Aflagt	0	0	(62.504)	(62.504)
Afskrift tímabilsins	7.950	95.087	63.125	166.161
Staða í lok tímabils	230.600	2.758.298	528.971	3.517.869
Bókfært verð				
Bókfært verð í upphafi tímabils	254.384	3.042.789	737.238	4.034.412
Bókfært verð í lok tímabils	246.435	2.947.702	718.344	3.912.481
Afskriftarhlutföll	3,3%	3,3%	5-33%	

Samkvæmt samningi milli Keflavíkurlugvallar ohf., nú Isavia ohf. og Varnamálastofnunar, nú Landhelgisgæslu Íslands, sem undirritaður var 22. apríl 2009 tók félagið yfir afnot til næstu 30 ára frá ársbyrjun 2009 að telja, á tilgreindum flugvallarmannvirkjum og búnaði á mannvirkjaskrá NATO á Keflavíkurlugvelli. Ekki er innheimt sérstakt endurgjald fyrir afnot mannvirkjanna en félagið skal standa straum af öllum kostnaði við daglegan rekstur og viðhald þeirra, þannig að tryggt sé að ástand þeirra sé í samræmi við samþykkt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Landshelgisgæslan f.h. NATO hefur rétt til afnota á mannvirkjunum. Afnotarétturinn er gjaldfærður hlutfallslega yfir leigutímann.

9. Leigusamningar

Samtæðan leigir fasteignir og lóðir fyrir starfsemi sína sem falla undir reikningsskilastaðal IFRS 16 leigusamningar. Samningsbundinn leigutími fasteigna er 5 til 6 ár auk eins ótímabundins samnings. Stærsti leigusamningur samtæðunnar, að undanskildum ótímabundnum samningi, er vegna skrifstofuhúsnæðis sem rennur út í árslok 2025. Félagið hefur forleigurétt til 5 ára að samningstíma loknum. Ótímabundni samningurinn um fasteign er með 6 mánaða uppsagnartíma að beggja hálfu. Samningsbundinn leigutími lóða er á bilinu 44 til 48 ár.

Tölur hér á eftir sýna meðal annars greiningu á flokkum undirliggjandi eigna á samningsbundnum leigugreiðslum þar sem félagið er leigutaki.

Nýtingarréttur	Fasteignir og lóðir	
Staða í upphafi tímabils		289.041
Verðbætur af leiguskuldbindingu		14.252
Breytingar vegna nýrra samninga og uppgjör eldri samninga		7.779
Afskriftir		(58.476)
Staða í lok tímabils		252.596
Upphæðir færðar í rekstrarreikning		
	1.1 - 30.6 2023	1.1 - 30.6 2022
Afskriftir af nýtingarrétti	58.476	50.548
Vaxtagjöld af leiguskuldbindingu	7.379	9.685
Samtals gjaldfært á tímabilinu	65.855	60.233
Leiguskuldbinding		
	30.6 2023	31.12 2022
Leiguskuldir, langtímahluti	149.170	194.284
Leiguskuldir, afborgun næstu 12 mánaða meðal skammtímaskulda	117.407	108.594
	266.577	302.878
Leiguskuldbinding		
Gjalddagagreining, ónúvirtar leigugreiðslur	30.6 2023	31.12 2022
Innan árs	127.721	120.004
Eftir ár en innan 5 ára	116.599	164.203
5 ár og síðar	85.590	85.270
	329.909	369.476

10. Samstæða

Samstæða Isavia ohf. samanstendur af eftirfarandi félögum:

	Hlutdeild	Nafnverð	Megin starfsemi
Eignarhlutar í dótturfélögum:			
Dótturfélög Isavia ohf.			
Frihöfnin ehf., Keflavíkflugvelli	100,00%	50.000	Verslunarstarfssemi
Isavia ANS ehf., Reykjavíkflugvelli	100,00%	310.500	Flugleiðsöguþjónusta
Isavia Innanlandsflugvelli ehf., Reykjavíkflugvelli	100,00%	52.350	Rekstur innanlandsflugvalla
Dótturfélög Isavia ANS ehf.			
Suluk ApS - Grænlandi	100,00%	1.999	Þjónusta flugumferðarstjóra
Tern Systems ehf., Kópavogi	100,00%	80.000	Hugbúnaðargerð og ráðgjöf
Dótturfélag Tern Systems ehf.			
Tern Branch Hungary, Ungverjalandi	100,00%	16.877	Hugbúnaðargerð og ráðgjöf

11. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	30.6 2023	31.12 2022
Innlendar viðskiptakröfur	5.403.867	4.278.486
Erlendar viðskiptakröfur	1.012.877	607.138
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(2.276.976)	(2.276.014)
Viðskiptakrafa vegna Joint Finance samningsins	0	803.469
	<u>4.139.768</u>	<u>3.413.079</u>

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda, reynslu fyrri ára og efnahagshorfum á reikningsskiladegi. Mat á niðurfærslu viðskiptakrafna í lok tímabilsins í samræmi við kröfur IFRS 9 var eftirfarandi:

Samstæðan metur niðurfærslu viðskiptakrafna út frá líkum á því að vanefndir verði einhvern tímann á líftíma viðskiptakrafnanna. Viðskiptakröfum er skipt í aldursflokka og niðurfærsla áætluð fyrir hvern aldurflokk sem byggir á reynslu fyrri ára, mati stjórnenda og framtíðarhorfum í efnahagsumhverfi viðskiptavina. Það er álit stjórnenda samstæðunnar að bókfært verð viðskiptakrafna og annarra skammtímakrafna endurspegli gangvirði þeirra.

Samstæðan álitur að hlutlægur visbendingar um virðisrýrnun krafna séu til staðar ef upplýsingar innan samstæðunnar eða frá utanaðkomandi aðilum benda til þess að skuldari sé í greiðsluferðileikum eða ef krafa er komin meira en 90 daga fram yfir gjalddaga.

Þann 28. mars 2019 beitti Isavia stöðvunarheimild á loftfar sem hafði verið í rekstri Wow air á grundvelli ógreiddra notendagjalda vegna starfsemi flugfélagsins á Keflavíkflugvelli. Eigandi flugvélarinnar höfðaði innsetningarmál fyrir héraðsdómi Reykjaness sem hnekkti stöðvuninni þrátt fyrir skýr ákvæði laga sem heimiluðu stöðvunina að mati félagsins. Vegna þessa úrskurðar Héraðsdóms Reykjaness þótti rétt að færa gjaldkröfu að fjárhæð 2.119 milljónir króna niður í bókum félagsins þrátt fyrir þá skoðun félagsins að um rangan úrskurð hafi verið að ræða.

Isavia höfðaði skaðabótamál gegn eiganda loftfarsins og Ríkissjóði vegna tjóns sem af innsetningargerðinni hlaut. Með dómi Héraðsdóms frá 22. desember 2021 (Mál E-1085/2020) var fallist á allar kröfur Isavia auk greiðslu málskostnaðar. Með dómi Landsréttar 12. maí 2023 var ALC og Ríkissjóður sýknuð af kröfum Isavia. Isavia áfrýjaði málinu til Hæstaréttar sem féllst á áfrýjun málsins með ákvörðun frá 22. júní 2023. Greinargerð hefur verið skilað.

Skýringar

11. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

Taflan hér á eftir sýnir framlag í niðurfærslureikning eftir aldursflokkum innlendra og erlendra viðskiptakrafna.

Dagar fram yfir gjalddaga	30.6 2023			
	Vænt útlánatap	Brúttó virði	Niðurfærsla	Bókfært verð
Ógjaldfallnar kröfur	0,1%	3.654.009	3.135	3.650.875
1-90 daga	7,0%	375.026	26.113	348.913
91-180 daga	13,3%	21.834	2.894	18.940
181-270 daga	30,0%	60.706	18.212	42.494
>271 daga	96,6%	2.305.168	2.226.622	78.546
Samtals		6.416.744	2.276.976	4.139.768

Dagar fram yfir gjalddaga	31.12 2022			
	Vænt útlánatap	Brúttó virði	Niðurfærsla	Bókfært verð
Ógjaldfallnar kröfur	0,2%	2.154.555	5.045	2.149.510
1-90 daga	9,5%	327.208	31.062	296.145
91-180 daga	10,0%	88.954	8.901	80.053
181-270 daga	30,0%	28.455	8.537	19.919
>271 daga	97,2%	2.286.452	2.222.469	63.983
Samtals		4.885.624	2.276.014	2.609.610

Aðrar skammtímakröfur

	30.6 2023	31.12 2022
Virðisaukaskattur	944.303	879.485
Fyrirframgreiddur kostnaður	247.077	143.183
Fjármagnstekjuskattur	132.365	69.717
Óinnheimtir vextir	202.493	0
Fyrirframgreidd laun	30.415	34.442
Aðrar kröfur	815.606	658.904
	2.372.258	1.785.732

12. Eigið fé

Hlutfé greinist þannig:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutfé í lok tímabilsins	24.559.063	100,0%	24.559.063

Eitt atkvæði fylgir hlut ríkisins. Fjármálaráðherra fer með hlut íslenska ríkisins í félaginu. Allt hlutfé er að fullu greitt.

Skýringar

13. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	30.6 2023	31.12 2022
Skuldir í EUR	44.905.970	38.743.295
Skuldir í ISK	5.266.623	5.387.370
Næsta árs afborganir langtímaskulda	50.172.593	44.130.665
	(2.024.198)	(1.758.655)
Langtímaskuldir í lok tímabilsins / ársins	48.148.395	42.372.010
	30.6 2023	31.12 2022
Staða í upphafi tímabils	44.130.665	44.447.034
Ný lán	9.035.000	14.136.409
Uppgreiðsla lána með nýjum lánum	0	(14.136.409)
Afborganir tímabilsins	(2.226.567)	(1.365.184)
Gengismunur og verðbætur	(766.505)	1.048.814
Staða í lok tímabilsins	50.172.593	44.130.665

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir	
	30.6 2023	31.12 2022
Afborganir 1.7.2023 - 30.6.2024 / 1.1.2023 - 31.12.2023	2.024.198	1.758.655
Afborganir 1.7.2024 - 30.6.2025 / 1.1.2024 - 31.12.2024	2.218.898	2.054.502
Afborganir 1.7.2025 - 30.6.2026 / 1.1.2025 - 31.12.2025	2.413.742	2.448.224
Afborganir 1.7.2026 - 30.6.2027 / 1.1.2026 - 31.12.2026	7.214.713	7.464.648
Afborganir 1.7.2027 - 30.6.2028 / 1.1.2027 - 31.12.2027	2.850.011	2.203.482
Afborganir síðar	33.451.031	28.201.154
	50.172.593	44.130.665

Ný langtímalán á tímabilinu eru til fjármögnunar á framkvæmdum Isavia ohf. á Keflavíkurlflugvelli.

Lán að fjárhæð 49.279 milljónir króna eru háð fjárhagsskilyrðum varðandi hlutfall eigin fjár. Þar af eru lán að fjárhæð um 45.312 milljónir króna einnig háð skilyrðum um hlutfall hreinna vaxtaberandi skulda sem hlutfall af EBITDA.

14. Reiknuð skattinneign

	Tekjuskattsinneign	
	30.6 2023	31.12 2022
Staða í upphafi tímabilsins	1.370.781	1.178.092
Reiknaður tekjuskattur	43.959	191.477
Tekjuskattur til greiðslu á næsta ári vegna tímabilsins	0	749
Þýðingarmunur	496	463
Staða í lok tímabilsins	1.415.236	1.370.781

Reiknuð skattinneign skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins

	30.6 2023	31.12 2022
Rekstrarfjármunir	(1.976.168)	(2.112.270)
Veltufjáreignir	452.521	444.607
Frestaður gengismunur	(40.717)	(13.126)
Aðrir liðir	(19.194)	(14.895)
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi	2.998.793	3.066.466
	1.415.236	1.370.781

Skýringar

14. Reiknuð skattinneign (framhald)

Yfirferanlegt skattalegt tap nýtið til frádráttar skattalegum hagnaði sem hér segir:

	30.6 2023	31.12 2022
Nýtanlegt til ársins 2030	10.202.120	10.596.095
Nýtanlegt til ársins 2031	4.333.148	4.338.709
Nýtanlegt til ársins 2032	386.982	397.524
Nýtanlegt til ársins 2033	71.717	0
	<u>14.993.967</u>	<u>15.332.328</u>

15. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	30.6 2023	31.12 2022
Innlendar viðskiptaskuldir	3.853.210	2.313.296
Innlendar viðskiptaskuldir vegna framkvæmdaáætlunar	895.353	1.662.307
Erlendar viðskiptaskuldir	1.640.520	729.437
	<u>6.389.083</u>	<u>4.705.041</u>

Aðrar skammtímaskuldir

	30.6 2023	31.12 2022
Laun og launatengd gjöld	951.204	825.354
Launaskuldbindingar	2.292.341	1.905.800
Áfallnir vextir	229.347	169.444
Fyrirframinnheimtar tekjur	178.354	173.254
Virðisaukaskattur	33.322	30.081
Aðrar skuldir	132.914	72.116
	<u>3.817.483</u>	<u>3.176.049</u>

Næsta árs afborganir langtímaskulda

	30.6 2023	31.12 2022
Skuldir við lánastofnanir	2.024.198	1.758.655
	<u>2.024.198</u>	<u>1.758.655</u>

16. Önnur mál

Félagið vann að sinni fyrstu skuldabréfaútgáfu á fyrri árhelmingi 2023 í samstarfi við DNB Market Inc. Ferlinu lauk í ágúst og gaf félagið út óskráð skuldabréf að fjárhæð 175 milljónir evra (um 25 milljarðar íslenskra króna) til bandarískra fjárfesta. Fjármögnunin sem fengin er með útgáfunni verður notuð til endurfjármögnunar á eldri lánum félagsins og til að styðja við uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli. Skuldabréfin eru gefin út til 7-12 ára en með skuldabréfaútböðinu er Isavia að tryggja sér fjármagn á hagstæðum kjörum til lengri tíma.

17. Samþykki samstæðuárshlutareiknings

Samandregni samstæðuárshlutareikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 18. september 2023.